

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

1. málslíður 8. mgr. 5. gr. reglnanna orðast svo: Í umboði rektors hefur framkvæmdastjóri stjórn-sýslu yfirumsjón og eftirlit með tilgreindum sviðum sameiginlegrar stjórn-sýslu háskólans, sbr. 8. gr.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglnanna:

- Núverandi 2. málslíður fellur brott.
- Núverandi 3. málslíður verður nýr 2. málslíður og orðast svo: Svið hinnar sameiginlegu stjórn-sýslu skólans eru: alþjóðasvið, framkvæmda- og tæknisvið, fjármálasvið, kennslusvið, markaðs- og samskiptasvið, mannauðssvið, upplýsingatæknisvið og vísinda- og nýsköpunar-svið.
- Tveir nýir málslíðir bætist við greinina á eftir núverandi 4. málslíð, svohljóðandi: Kennslu-svið, vísinda- og nýsköpunarsvið, markaðs- og samskiptasvið og alþjóðasvið heyra beint undir rektor. Framkvæmdastjóri stjórn-sýslu hefur í umboði rektors yfirumsjón með framkvæmda- og tæknisviði, fjármálasviði, mannauðssviði og upplýsingatæknisviði.

#### 3. gr.

Seinni málslíður 3. mgr. 17. gr. reglnanna orðast svo: Deild er einnig heimilt að ákveða að gestakennarar, akademískir nafnbótarþegar og nýdóttorar, svo og fulltrúar fræðasetra háskólans sem tengjast deildinni og stundakennarar sem gegna viðamikilli kennslu, eigi sæti á deildarfundi, og er deild heimilt að kveða á um hvort þeir hafi atkvæðisrétt.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. reglnanna:

- Núverandi f-liður 1. mgr. fellur brott.
- Aðrir stafliðir breytast samkvæmt ofangreindu.
- Núverandi 18. mgr. fellur brott.

#### 5. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Breytingar skv. 1., 2. og 3. gr. öðlast þegar gildi. Breytingar skv. 4. gr. öðlast gildi 1. júlí 2024.

*Háskóla Íslands, 2. febrúar 2024.*

**Jón Atli Benediktsson.**

*Dórður Kristinsson.*